



# Jafnréttisstarf

## í Menntaskólanum að Laugarvatni skólaárið 2023-2024

Skýrsla jafnréttisfulltrúa

*Freyja Rós Haraldsdóttir*

*Laugarvatni, september 2024*



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun ML .....	2
Kynjahlutföll og kyngreindar upplýsingar í ML .....	2
Mímir – stjórn nemendafélagsins .....	3
Gátlisti HeF – jafnrétti og kynheilbrigði .....	4
Jafnréttisfræðsla og EKKO-málin.....	4
Dansað gegn ofbeldi, Vika 6 og sjúk ást.....	5
Hinsegin .....	6
Tengslanet jafnréttisfulltrúa .....	7
Næsti vetur 2024-2025.....	8

## Inngangur

Í 2023-2024 gegndi Freyja Rós Haraldsdóttir stöðu verkefnastjóra sem jafnréttisfulltrúi, Jóna Katrín ber ábyrgð á jafnréttisstarfi í Menntaskólanum að Laugarvatni og Karen Dögg Bryndísardóttir sat í jafnréttisráði. Jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar Mímis voru fyrri hluta skólaársins Arnfríður Mára Þráinsdóttir og Eydís Lilja Einarsdóttir en við stjórnarskipti janúar tóku við Rakel Día Arnarsdóttir og Ingunn Lilja Arnórsdóttir.



Jafnréttisráð er hópur í Office365 og í skjölum hópsins eru gögn varðveitt og viðhaldið. Jafnréttisfulltrúar ML og Mímis eru í spjallhópi á Teams.

Hér verður stiklað á því helsta sem jafnréttisráð og jafnréttisnefnd Mímis stóð fyrir á árinu ásamt venjubundinni samantekt á kyngreindri tölfræði og vangaveltum um framhaldið.

## Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun ML

Jafnréttisáætlun ML var endurskoðuð vorið 2024 og eftir að unnið hafði verið úr athugasemdum frá Jafnréttisstofu hlaut hún samþykkt:

Til: Freyja Rós Haraldsdóttir - ML mið. 22. maí 2024

Afrit: Jóna Katrín Hilmarsdóttir - ML

Góðan dag.

Jafnréttisstofa hefur móttakið og yfirfarið jafnréttisáætlun Menntaskólans að Laugarvatni og metur það svo að áætlunin uppfylli kröfur laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Jafnréttisáætlun gildir í þrjú ár og þarf að endurnýja í maí 2027.

Með kveðju,  
Kristín

**Kristín Ólafs Önnudóttir**  
Sérfræðingur / Special Advisor  
kristin.olafsdottir.onnudottir@jafnretti.is

  
**Jafnréttisstofa**  
DIRECTORATE OF EQUALITY

Jafnréttisstofa | Borgum v/Norðurslóð | 600 Akureyri 460 6200 | jafnretti.is

[Jafnréttisstefna ML](#) – almenn yfirlýsing.

[Jafnréttisáætlun ML](#) – aðgerðabundin áætlun til þriggja ára.

Til stendur að setja áætlunina upp í Loop (Office 365) til að bæta eftirfylgni.

## Kynjahlutföll og kyngreindar upplýsingar í ML

Í [ársskýrslu ML](#) eru ýmsar kyngreindar upplýsingar. Skráningar og utanumhald hafa þróast, svo allar tölur liggja fyrir með reglubundnum hætti og töflur og myndir verða til jafn óðum. Eftir innritun haust 2024 færumst við þriðja árið í röð nær því að jafna kynjahlutföll. Strákar eru nú 42% nemenda og stelpur 58% (mestur varð hallinn 27% strákar, 73% stelpur árið 2021). Auknir möguleikar á



Íþróttaiðkun með tilkomu körfuboltavals og blakvals gætu haft jákvæð áhrif á aðsókn drengja. Samkvæmt könnunum í innra mati eru líðan og samskipti drengja í ML heldur betri en stúlkna. Sérstaklega þyrfti að huga að kvíðaeinkennum hjá stúlkum. Brotthvarf er lítið og ekki má greina kynjað mynstur þar.

Starfsfólk var 41% kk og 59% kvk í september '23. Ekki hefur fundist leið til halda utan um kyngreinda tölfræði í nefndum og ráðum, en þar er augljós skekkja, sem gott er að vera vakandi yfir.

## Mímir – stjórn nemendafélagsins

Haldin er tölfræði yfir kynjahlutföll í stjórninni. Sé horft til síðustu sex ára hallar aðeins á strákana, 32 strákar (38%) á móti 52 stelpum (62%) hafa setið í stjórn, en það endurspeglar ágætlega kynjahlutföll í skólanum. Í embætti stallara eru jöfn kynjahlutföll síðust 6 ár, þrjár stelpur og þrír strákar. Mikil kynjaskekkja er þó í einstaka embættum eins og jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar (kvk), ritnefndarformenn (kvk), tómsundaformenn (kk) og íþróttformenn (kk).

3. apríl 2024 fékk jafnréttisfulltrúi að mæta á hádegisfund með stjórninni. Farið var yfir ýmsar kyngreindar upplýsingar og kynjagleraugum beitt á störf nemendafélagsins. Í kjölfarið var safnað hugmyndum um markmið og aðgerðir í jafnréttisáætlun sem stjórnin myndi vinna eftir á tímabilinu. Markmiðin sem urðu ofan á voru:

1. Jafnrétti í skólanum, reyna að láta öllum líða vel.
2. Jafna kynjahlutföll í keppnum, leikjum og viðburðum.
3. Halda drusluskömmun frá Mímgíngnum
4. Bæta kynjahlutföll í ML tímum í íþróttahúsinu
5. Jafna kynjahlutföll í paraframboðum þar sem hefur verið mikil skekkja

Aðgeraáætlunin verður send á alla nemendur skólans í september 2024 (en stjórnin hefur þó unnið eftir þessu síðan í vor). Dæmi úr áætluninni:

ML-tímar í íþróttahúsinu			
Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
<b>Bæta kynjahlutföll í ML tímum í íþróttahúsinu</b>  <i>(sjá kyngreinda tölfræði)</i>	Heyra í stelpum, <u>stálpum</u> og strákum hvað þau vilja fá í ML-tíma. Gera könnun.  Hafa fjölbreyttar íþróttir.  Fylgjast með mætingunni, t.d. með því að skrá eða taka ljósmyndir í tímum)  Hvetja öll til að mæta.	Íþróttformenn    Íþróttformenn og öll stjórnin	Í lokaskýrslu íþróttformanna fjalla þau kynjahlutföll, segja frá því hvað var gert og hvernig það gekk.  Umfjöllun í jafnréttisskýrslu jafnréttisfulltrúa fyrir skólaárið 2024-2025.

## Gátlisti HeF – jafnrétti og kynheilbrigði

Það er metið svo að við uppfylfum 82% af gátlista fyrir jafnrétti og kynheilbrigði. Það sem hífði okkur upp núna er að geta loksins hakað við viðmið 3.4 sé að fullu komið til framkvæmda: *Í skólanum er skólahjúkrunarfræðingur sem unglingar geta leitað til með kynheilbrigðismál.* Samkomulag náðist við Heilsugæsluna í Laugarási um að hjúkrunarfræðingur mæti í ML, hálfan dag í hverri viku.

Einnig hefur orðið þróun varðandi *2.7 Kosnir fulltrúar í nemendastarfi fá þjálfun og handleiðslu til að sinna störfum sínum í þágu nemenda.* Skólameistari situr vikulega fundi með stjórninni og þau fá sannarlega virkan stuðning. Þegar búið er að vinna enn meira að aðstoða þau við að skipuleggja viðburði í sameiginlegu dagatali og halda betur utan um skjöl og skráningar, þá mætti haka við: “komið að fullu til framkvæmda.”

Gaman væri að ná betri árangri í þessu viðmiði: *3.3 Á fyrsta ári í framhaldsskólanum er foreldrum boðin fræðsla um samskipti og stöðu kynheilbrigðis meðal ungs fólks.*

## Jafnréttisfræðsla og EKKO-málin

Fræðsla um jafnrétti, samskipti og mörk var töluverð yfir veturinn. Kynjafræðin var á sínum stað. Málþing kynjafræðinema var sýnt í streymi í fyrirlestasal. Nemendur á fyrsta ári mættu og öðrum boðið líka, starfsfólki og nemendum. Á dagskrá var meðal annars kynning á kynjafræðinami í HÍ, málefni Trans barna og ungmenna, draumakynfræðslan og Kvennaverkfallið. Sem við tókum svo þátt í! Nokkrar úr starfsliðinu fóru á Austurvöll og setustofunni á Laugarvatni var farið yfir málin:



Unnið var eftir samþættri áætlun í lífsleikni og umsjón. Fyrsti bekkur fór á Dale-Carnegie í forvarnarferð. Elfar Þór Bragason, sálfræðingur skólans, kom tvisvar í umsjónartíma hjá 1. bekk. Freyja og Margrét skipulögðu málstofu á degi gegn einelti: [Slúður er klúður! Samkoma í matsal skólans - Menntaskólinn að Laugarvatni \(ml.is\)](#)

Starfsfólk horfði saman á erindi Karenar Nóadóttur um áfallamiðaða nálgun, á skólafundi í ágúst '23. Flensburgarkonur komu í heimsókn 18. september til að spjalla um EKKO-kerfið.

Freyja fjallaði um óformlega og formlega málsmeðferð á verkefnadegi 4. október. Pálmi og Erla, allir umsjónarkennarar og fleiri mættu á kynninguna.

Karen Dögg sótti ráðstefnuna *Ofbeldismenn á Íslandi* sem var á vegum Stígamóta í október.

Freyja Rós, Áslaug og Jóna Katrín sátu netnámskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála: *Hvaða reglur gilda þegar grunn- og framhaldsskólar taka ákvarðanir í málefnum nemenda?* Það nýttist vel í þeirri vinnu að móta verklag í tengslum við viðurlög vegna brota á skólareglum. Verklagsreglan fékk yfirlestur frá lögfræðingi í ráðuneytinu í vor. Framundan er að samþykkja hana og birta.

Freyja Rós, Gríma, Erla, Hildur, Jóna Katrín sátu rafrænan fund 7. febrúar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi - Kynning á kennarahandbók og Sjúkást verkefni Stígamóta.

Jessica Lynn kunn trans baráttukona, fræðari og aktivisti flutti fyrirlestur í Hátíðarsal Háskóla Íslands 15. febrúar og jafnréttisfulltrúi ML fylgdist með í streymi.

Hildur Jónsdóttir og Elísabet Lorange tóku á móti Freyju og Grímu í Sigurhæðum á Selfossi 7. mars. Sigurhæðir eru fyrsta samhæfða þjónustan við þolendur kynbundins ofbeldis í sunnlensku nærsamfélagi. Kom í ljós að það er grundvöllur fyrir samstarfi og þessi tengsl halda vonandi áfram að styrkjast.

Nemendur frá Háskóla Íslands sem sátu námskeið í ofbeldisforvörnum fengu að spreyta sig á því að vera með fræðslu á Dagamun. Þær héldu vinnustofu og voru einnig með fyrirlestur fyrir alla á sal.

## Dansað gegn ofbeldi, Vika 6 og sjúk ást

8. mars var dansað gegn ofbeldi. Fundarboðið var svohljóðandi:

*Öll mæta í holið fyrir framan skrifstofu skólameistara eftir fyrsta tíma. Dönsum gegn ofbeldi!  
Þema í ár: ofbeldi gegn fólki af erlendum uppruna og kynþáttafordómar.*

*Fulltrúar stjórnarinnar taka til máls.*

*Margrét Elín stýrir dansi.*

Framtakið vakti verðskuldaða athygli: [Dansað gegn ofbeldi | sunnlenska.is](#). Vika 6 var til umfjöllunar í umsjónartímum í febrúar. Skólahúsnæði og vistar voru skreytt veggspjöldum Sjúk ást herferðarinnar í mars og skilaboð einnig sett á skólaskjáinn.



## Hinsegin


Í frétt á ml.is var stiklað á stóru varðandi störf Yggdrasils haustið 2023 [Hinsegin í haust - Menntaskólinn að Laugarvatni \(ml.is\)](#). Myndin sem fylgdi fréttinni vakti óvænta athygli, en hún var tekin til umræðu á síðunni „ML-ingar í hjarta“. Þótti sumum þótti ekki hæfa að setja merki skólans í regnbogabúning. Það sem upp úr stóð var kærleiksrik og upplýst umræða núverandi og fyrrverandi nemenda. Krafan var skýr – við vitum fyrir hvað við viljum standa. Sýnileiki skiptir máli.

Stjórn hinseginfélagsins fundaði reglulega og unnið er að því að gera félagið að „undirfélagi“ nemendafélagsins Mímis svo þau hafi skýrara umboð og betra aðgengi að fjármagni. Yggdrasill er með Teams-hóp (Freyja fær að vera þar inni) þar sem samskipti fara fram, fundargerðir eru vistaðar o.s.frv.



## Tengslanet jafnréttisfulltrúa

Jafnréttisfulltrúi ML og jafnréttisráðgjafi MH sameinuðu krafta sína og útbjuggu tengiliðalista yfir jafnréttisfulltrúa í framhaldsskólum landsins. Listinn nýttist meðal annars við skipulagningu fundar í vor (sjá [padlet](#)):



Tengiliðalistinn var jafnframt sendur á ráðuneytið og landlæknisembættið (heilsuefandi framhaldsskóla). Vonast er til að þetta verði til að upplýsingar sem varða jafnréttismál rati hratt og örugglega á réttan stað. Einnig að styrkja tengslin á milli jafnréttisfulltrúanna, en það er eðli málsins samkvæmt að samstarf og stuðningur eru okkur mikilvæg. Póstur var sendur á alla skólameistara til að árétta mikilvægi jafnréttisfulltrúa í framhaldsskólum, og segja frá fyrrnefndum fundi.

Þessu tengt þá sat jafnréttisfulltrúi afar góða málstofu í ágúst með Arnari Gíslasyni, jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands (á sumarnámskeiði félagsfræðikennara og kynjafræðikennara). Það er margt sem má læra af HÍ í jafnréttismálunum, t.d. varðandi EKKO-fagráð skipað lögfræðingi, kynjafræðingi og sálfræðingi.





## Næsti vetur 2024-2025

Jafnréttisfulltrúi vinnur að því að fá aðgang að Teams svæði stjórnar Mímis til að aðstoða þau við skjölun og utanumhald. Þar gefst tækifæri til að vinna að uppfærslu á embættislýsingum og sniðmátum fyrir lokaskýrslur þeirra. Með nýrri stjórn í janúar/febrúar verður stefnt á að að setja sem fyrst áætlun fyrir komandi ár þeirra í embætti.

Jafnréttisáætlun verður sett upp í Loop og bæði jafnréttisáætlun ML og Mímis verður fylgt eftir.

Fræðsla í EKKO-málum heldur áfram t.d. Ofbeldisvarnarskóli Bennu fyrir starfsfólk og nemendur í 1. bekk. Áfram verður unnið að þróun EKKO-kerfisins, þörf er á að yfirfara og uppfæra það sem er til og að ljúka við verklagsreglu um viðurlög vegna brota á skólareglum. Leitast verður eftir því að funda með fulltrúum frá barnavernd Árborgar.

Hinseginvika, Vika 6, Sjúk ást og dansað gegn ofbeldi verður allt á sínum stað.

Jafnréttisfulltrúi mun sækjast eftir því að fá boð á skólaráðsfund að hausti og vori. Þá er meðal annars upplagt að yfirfara gátlista Hef fyrir jafnrétti og kynheilbrigði.

*Hugsjónin, forysta, andstaða, togstreita, fræðsla, samræður,  
formlegt á eigin forsendum, úthald, heilindi og sátt, samstaða.*